

Nr. 20-123 S 088 Bárður SH 81***Skipverji slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr. 2965
 IMO 9861005
 Útgerð: Bárður SH 81 ehf.
 Smíðaður: Danmörk, 2019, trefjaplast.
 Stærð: 153 bt
 Mesta lengd: 26,93 m Skráð lengd: 23,60 m
 Breidd: 7,0 m Dýpt: 3,3 m
 Vél: MAN 2018, 662 kW
 Fjöldi skipverja: 6



Bárður©Hafþór Hreiðarson

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. september 2020 var Bárður SH 81 á dragnótaveiðum fyrir utan Eyjafjörð. Veður: N 9-11 m/s.

Skipverjar voru að taka voðina og pokinn kominn inn fyrir. Einn þeirra var aftur á að hífa í belginn og koma fisknum fram í hann. Þegar skipverjinn var að horfa fyrir hornið á gálganum til að athuga hvort belgurinn hafði tæmst lyfti báturinn sér upp að aftan. Við það strekkist á voðinni og skipverjinn fékk hana í bakið sem kastaði honum á gálgahornið. Skipverjinn slasaðist í andliti og siglt var með hann til Dalvíkur.



Tromlan fyrir dragnótina og gálginn

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði lenti með andlitið á horninu á gálganum fyrir dragnótatromluna. Við höggið rotaðist hann og fékk áverka í andlit;
- að pokinn var tekinn inn á stjórnborðssíðuna en þar var báturinn yfirbyggður að hluta;
- að stjórnþökin fyrir tromluna voru staðsett á innanverðum gálganum stjórnborðsmegin;

- að slasaði var með hjálm af Jofa gerð;
- að eftir slysið var slasaði með mikinn svima.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að erfitt var fyrir þann sem sá um að tæma pokann að sjá hvað hann var að gera frá þeim stað sem stjórnökin fyrir tromluna voru staðsett.

Nefndin telur að betri staðsetning stjórnækja hefði minnkað líkur á slysi sem þessu.